

VAXTARSAMNINGAR OG KLASATENGT STARF

Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor, Háskóla Íslands
Harpa Dís Jónsdóttir, Háskóla Íslands

Erindið fjallar um rannsókn sem hefur miðað að því að fá nánari upplýsingar um það hvernig formlegt klasastarf hófst hér á landi. Rannsóknin gefur vísbendingar um að klasanálgun hafi fyrst komið á borð ráðamanna um miðjan tíunda áratuginn og komist til framkvæmda á fyrsta áratug 21 aldarinnar. Helsti farvegurinn við upphaf klasanálgunar hér á landi voru vaxtarsamningar sem stjórnvöld gerðu við landshluta á árunum 2004-2014. Rannsóknin er liður í rannsóknum á klösum á Íslandi sem unnið er að á vegum Rannsóknarmiðstöðvar stefnu og samkeppnishæfni í samstarfi við ýmsa aðila. Rannsóknin er fyrst og fremst byggð á greiningu á fyrirbyggjandi gögnum en einnig viðtölum við valda aðila sem hafa komið að framkvæmd vaxtarsamninga. Við val á þeim hefur verið stuðst við ábendingar þeirra sem best til þekkja og því má tala um marktvisst val og snjóboltaáhrif. Rannsóknin er unnin af höfundum á vegum Rannsóknarmiðstöðvar stefnu og samkeppnishæfni. Auk höfunda hefur Guðjón Örn Sigurðsson aðstoðað við rannsóknina. Helstu niðurstöður eru að klasanálgun og vaxtarsamningar verða sú leið sem stjórnvöld ákváðu að fara í tengslum við byggðapróun og stuðning við atvinnulíf úti á landi á fyrsta áratug nýrrar aldar. Þessi leið kemur til í kjölfarið á vinnu sem miðaði að því að finna nýja leið fyrir íslensk stjórnvöld sem tæki mið af þeirri þróun sem væri að ryðja sér rúms annars staðar. Í þeirri vinnu var víða leitað fanga, ekki síst á Írlandi og í Finnlandi. Bæði vaxtarsamningar og áherslur á klasa eiga sér fyrirmynd erlendis frá og þessar áherslur koma í kjölfarið á aðgerðum héraðs sem byggðu á fyrirmyndum um fyrirtækjanet og samstarfsvettvanga. Áhersla á formlegt klasastarf er hins vegar ekki beinlínis að finna fyrr en í aðgerðum og fræðslu sem veitt var í aðdraganda og við framkvæmd fyrstu vaxtarsamninganna.